

FUNDARGERÐ SKÓLANEFNDAR

Fundur haldinn í skólanefnd Höfðaskóla mánudaginn 15. desember 2003 klukkan 17:00 í húsnæði Höfðaskóla.

Mætt eru; Gunnar Þór Gunnarsson formaður skólanefndar, Helga Bergsdóttir ritari, Kristján Steinar Kristjánsson, Fannar Viggósson, Ingibergur Guðmundsson skólastjóri, Dagný Rósa Úlfarsdóttir aðstoðarskólastjóri, Björk Hlöðversdóttir fulltrúi kennara, og Guðbjörg Ólafsdóttir fulltrúi foreldrafélags. Þórarinn Grétarsson mætti ekki á fundinn.

Dagskrá fundarins.

1. Ráðning forfallakennara í 6. og 7. bekk
2. Drög að fjárhagsáætlun 2004
3. Önnur mál

Formaður setti fundinn og stjórnaði honum.

1. Auglýst hefur verið eftir forfallakennara í 6. og 7. bekk. Tvær umsóknir hafa borist; frá Jensínu Lýðsdóttur sem sækir um kennslu í 6. bekk og Vigdísi Elvu Þorgeirsdóttur sem sækir um kennslu í 7. bekk. Hvorugur umsækjendanna hefur kennaramenntun. Skólanefnd samþykkir fyrir sitt leiti að mæla með þessum umsóknum.
2. Skólastóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun ársins 2004. Helstu breytingar; ráðning skólaliða í 100 % starf, ráðning námsráðgjafa í 15% starf, viðhald á húsnæði skólans og hönnun lóðar. Auk þessa hugsanleg niðurgreiðsla sveitarfélagsins vegna skólamáltíða frá næsta hausti. Skólanefnd samþykkir fyrir sitt leiti drög að fjárhagsáætlun og vísar málinu áfram til hreppsnefndar, en lítur jafnframt á það sem forgangsmál að ráða skólaliða til starf.
3. Engin önnur mál.

Fundargerð var skráð í tölvu, lesin upp og samþykkt, prentuð út og undirrituð af fundarmönnum í lok fundarins. Fundi slitið kl. 18:10

Gunnar Þór Gunnarsson

(Sign)

Helga Bergsdóttir

(Sign)

Ingibergur Guðmundsson

(Sign)

Björk Hlöðversdóttir

(Sign)

Guðbjörg Ólafsdóttir

(Sign)

Dagný Rósa Úlfarsdóttir

(Sign)

2003-12-15-9

Skólanefnd Höfðahrepps
Fundagerðir

Kristján Steinar Kristjánsson
(Sign)

Fannar Viggósson
(Sign)

Pórarinn Grétarsson
(Sign)